

Samfélagshúsið Aflagrandar 40:

Kynningarnámskeið

í útskurði og tálgun fyrir byrjendur



Námskeiðið fer fram í samfélagshúsinu að Aflagrandar 40. Kennsla verður á mánudögum og þriðjudögum frá kl. 13:00 til 15:00. Námskeiðið stendur yfir í 3 vikur og hefst mánudaginn 5. maí n.k..

Kennsla er bæði bókleg og verkleg. Kynnt er saga, þróun og helstu aðferðir í útskurði og tálgun. Áhersla verður lögð á að kenna meðferð verkfæra og skipulag verkefna. Sérstaklega verður kynnt sú grein útskurðar sem nefnist skipaskurður á íslensku (chip-carving). Í tálgun verður kennt að tálga út fugla og dýr.

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa grundvallarþekkingu á útskurði og tálgun og hafa öðlast þjálfun í að skipuleggja og útfæra eigin verkefni.

Ekki er gerð nein krafa til þátttakenda um þekkingu eða færni í smíði eða útskurði. Æskilegt er að nemendur komi með eigin verkfæri (tálgunarhníf, útskurðarhníf, kjöljárn og einföld útskurðarjárn). Aðstoð og leiðbeiningar eru veittar um útvegum verkfæra.

Námskeiðið takmarkast við 10 nemendur. Skráning fer fram á netfanginu: helga.osp.johnnsdottir@reykjavik.is. Þátttaka í námskeiðinu er gjaldfrjáls.

Frekari upplýsingar veitir Halldór Kr. Júlíusson: halldorkrj@gmail.com

